

Sp. 524. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um atvinnumál á Raufarhöfn og Siglufirði.

Flm.: Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson, Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum Raufarhafnar og Siglufjarðar með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum, sem hrun loðnustofnsins hefur valdið. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um nýja atvinnuuppbyggingu skulu lagðar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem verða má og kynntar alþingismönnum.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það virðist nú liggja fyrir, að ekki verði um það að ræða, að meiri loðna fái úr sjó á þessu ári eða í náinni framtíð. Þetta hefur að sjálfsögðu mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið í heild sem enginn skyldi gera lítið úr. Mestur er þó skaðinn á þeim stöðum þar sem loðnuvinnsla hefur verið undirstaða atvinnulífsins, svo sem á Raufarhöfn og Siglufirði. Ef ekkert annað kemur í staðinn er við því að búast, að til alvarlegs atvinnuleysis komi, nema fólk flytji búferlum hópum saman. Á það er að líta í því sambandi, að umsvif þjónustu- og verslunarfyrirtækja dragast stórlega saman samtímis því sem verksmiðjur S. R. loka, svo að við blasir að rekstrargrundvöllur sumra þeirra a. m. k. sé ekki lengur fyrir hendi.